



Dalshverfi áfangi III

Umhverfismál – ofanvatnslausnir


Ofanvatnsskipulagið byggir á ofanvatnskeðjunni sem skilgreinir þrjú stig úrkomu:

- 1. stig: Venjuleg úrkoma - þ.e. atburður sem verður á 2 ára fresti.
- 2. stig: Mjög mikil úrkoma - þ.e. atburður sem verður á 20 ára fresti.
- 3. stig: Ofsaregn og asahláka - þ.e. aftakaveður af því tagi sem gerist á 200 ára fresti eða sjaldnar.


Ofanvatnsskipulagið grundvallast á þeirri meginreglu að úrkoma á 1. og 2. stigi sé að öllu leyti meðhöndluð innan lóðarinnar eða almenningsrýmisins þar sem hún fellur. Ofanvatnið er þá látið sitra ofan í jarðveginn þar, án þess að renna neitt lengra á yfirborðinu. Ekki er talið raunhæft að sú leið dugi fyrir úrkomu á þriðja stigi og þess vegna er gert ráð fyrir að í slíkum undantekningartilfellum geti vatn runnið á yfirborði út fyrir lóðina, götuna eða opna svæðið þar sem það féll og eftir traustum rennslisrásum niður á svæði sem getur tekið við vatninu án þess að tjón eða veruleg óþægindi hljóti af.




1. STIG - Venjuleg úrkoma




2. STIG - Mikil úrkoma



3. STIG - Asahláka og ofsaregn - aftakaatburður







Skýringarmynd sem sýnir hvernig ofanvatnið rennur eftir úrkomumagni sbr. úrkomustig í hverjum hlekk ofanvatnskeðjunnar



Myndin lýsir þremur hlekkjum ofanvatnskeðjunnar sem taka við mis mikilli úrkomu, eftir stigi úrkomuatburðar.

Umhverfismál – ofanvatnslausnir





Gunnar Kr Ottósson skipulagsfulltrúi

Nánari upplýsingar
www.reykjanesbaer.is/is/dalshverfi

Fyrirspurnir
skipulag@reykjanesbaer.is

